


**Fundur stjórnar DA sf. haldinn 3.10.2016**

**Mættir: Jón Helgi Björnsson, Ásgeir Böðvarsson, Arnór Benónýsson, Steinþór Heiðarsson, Kristján Þór Magnússon, Gunnlaugur Aðalbjarnarson, Baldur Daníelsson**

1. Skipan í hlutverk varaformanns og ritara.  
Arnór Benónýsson varaformaður og Steinþór Heiðarsson ritari.
2. Samkomulag við Sjúkratryggingar Íslands – rammasamningur um þjónustu hjúkrunarheimila.
3. Rekstrarfyrirkomulag DA frá áramótum 2016.  
Svarbréf sem forstjóri HSN, Jón Helgi Björnsson sendi ráðuneytinu var lagt fram og fylgir fundargerðinni. Markmið stjórnar DA er áfram skýrt hvað varðar reksturinn til framtíðar, þ.e. að HSN taki hann að sér frá næstu áramótum. Umræður fóru fram um mikilvægi þess að af yfirfærslu rekstrar verði um næstu áramót. Stjórnarformanni og varaformanni falið að óska eftir fundi við ráðuneytið innan tveggja vikna.
4. Rekstrarútkomuspá 2016  
Jón Helgi fór yfir rekstrarstöðuna. Áætlað er tap skv. áætlun rekstrarársins 2016. Reksturinn því nokkurnvegin á áætlun.
5. Málefni Stórumarkar  
Enn er einingin rekin með tapi. Alls eru 10 dvalarrými í Stóru Mörk en einungis sex þeirra nýtt undanfarin misseri. Möguleikar ræddir þess efnis að steypa saman rekstri heimaþjónustu Norðurþings og Stóru Markar á Kópaskeri. Farið var yfir breytingar sem gerðar hafa verið á starfshlutföllum í Stóru Mörk. Þessar breytingar taka gildi um næstu áramót. Mikilvægt að sveitarfélögin á svæðinu setjist niður og átti sig nákvæmlega á þörf næstu 5-10 ára hvað varðar hjúkrunarrými á svæðinu. Jón Helgi mun óska eftir gögnum frá ráðuneytinu hvað málið varðar.
6. Búseturéttaríbúðir – biðlistar  
Rúmlega 100 manns skráðir á biðlista eftir búseturéttaríbúð. Stjórn telur mikilvægt að yfirfara listann og uppfæra, sem og að auglýsa eftir umsóknum. Stjórn leggur til að verklagsreglur við úthlutun íbúða verði uppfærðar og lagðar fyrir næsta fund. Baldur og Jón Helgi vinna málið fram að næsta fundi. Ákveðið að óska eftir fundi með Félagi eldri borgara á Húsavík og nágrenni um húsnaðismálin í sýslunni.
7. Önnur mál  
Næstu fundir stjórnar: Mánudagar verða fundartímar: 24. október, 14. nóvember, 5. desember – kl 14:30. KPM og ABen fara á fund ráðuneytis föstudaginn 7. eða 14. október.  
Fundargerð lögð fyrir næsta fund.



Gunnlaugur Aðalbjarnarson  
Kristján Þór Magnússon  
Arnór Benónýsson  
Steinþór Heiðarsson  
Baldur Daníelsson